

Nd.

569. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að reka sildarbræðslu á Raufarhöfn.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

2 nefndarmenn (BKr og BÁ) vilja fylgja frv. óbreyttu, 2 (JJós og GÍ) vilja eigi atkvæði greiða um málið, en undirritaður leggur til, að því verði vísað til stjórnarinnar til frekari athugunar í sambandi við önnur skyld atvinnumál.

Við meðferð þessa máls kom það þegar í ljós, að mikinn og dýran útbúnað skortir til rekstrar verksmiðju þeirrar á Raufarhöfn, sem hér ræðir um, enda hefir hún af vanefnum verið rekin undanfarið og með neikvæðum árangri. Virðist því minni ástæða til að ráðast í leigu og rekstur verksmiðjunnar, sem staðhættir torvelda mjög starfið á þessum stað, en fullkomnar sildarbræðslur eru svo nærri, að til þeirra má oftast ná að sumarlagi. Hinsvegar verður að játa, að fengin reynsla af sildarbræðslu ríkisins á Siglufirði — þar sem öll skilyrði eru þó betri — gefi eigi hvöt til aukins rekstrar þar, sem þörfin er lítil fyrir bræðslu og staðhættir erfiðlegir.

Stuðningsmenn frv. halda því fram, að með því að um heimild til rekstrar verksmiðju sé að ræða, en eigi skyldu, þá saki ekkert að lögfesta fyrir mæli frv.

Slikar ástæður verður að telja harla hæpnar, enda óvenjulegt og jafnvel ótilhlýðilegt að setja heimildarlög um þær framkvæmdir af hendi ríkisstjórnar, sem fyrirsjáanlegt er og vitað, að engar geta orðið á þeim tíma, sem til framkvæmda er ætlaður.

Lögfesting frv., eins og viðhorfið er á þessum tíma, mundi aðeins verða til þess að vekja táldrægar atvinnuvonir nokkurra manna á vettvangi og þannig fremur til ógagns verða en ávinnings. Hitt mætti fremur að liði koma, að ríkisstjórnin léti rannsaka þetta mál í sambandi við þær almennu atvinnuhorfur í verstöðvum landsins og hliðstæð fyrirtæki í öðrum héruðum landsins.

Alþingi, 26. apríl 1932.

Sveinn Ólafsson.